

# ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐARBÓK SVEITARSTJÓRNAR HÚNAÞINGS VESTRA

## 221. FUNDUR.

221. fundur sveitarstjórnar Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn 12. september árið 2013 í fundarsal Ráðhússins kl. 15:00. Oddviti setti fund.

Mætt undirrituð.

Gengið var til dagskrár.

### 1. Fundargerðir nefnda:

#### **Fundargerð félagsmálaráðs. Oddviti kynnti.**

**Fundargerð 139. fundar** frá 28. ágúst s.l. Fundargerð í 3 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

### 2. Fundargerð fræðsluráðs. Oddviti kynnti

**Fundargerð 141. fundar.** Fundargerð í 4 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

### 3. Fundargerð skipulags- og umhverfisráðs. Oddviti kynnti.

**Fundargerð 225. fundar.** Fundargerð í 3 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

### 4. Undirbúningur að gerð fjárhagsáætlunar.

Lögð fram eftirfarandi tillaga „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að boða til fundar í auknu byggðarráði þann 23. september nk. kl. 16:00 v/ undirbúnings að gerð fjárhagsáætlunar ársins 2014.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

### 5. Kjararannsókn meðal starfsmanna Húnaþings vestra.

Lögð fram eftirfarandi tillaga „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að fela framkvæmdaráði sveitarfélagsins að vinna að heildstæðri kjararannsókn meðal starfsmanna Húnaþings vestra. Jafnframt er framkvæmdaráðinu falið að leggja fyrir sveitarstjórn tillögur um aðgerðir til úrbóta ef rannsóknin leiðir í ljós að um óútskýrðan kynbundinn launamun sé að ræða meðal starfsmanna Húnaþings vestra. Niðurstöður rannsóknarinnar og eftir atvikum tillögur til úrbóta skal leggja fyrir sveitarstjórn eigi síðar en 15. janúar 2014.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

### 6. Tillögur frá sameiginlegum fundi sveitarstjórna Borgarbyggðar og Húnaþings vestra.

Lögð fram eftirfarandi tillaga „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að tilnefna oddvita, sveitarstjóra og einn fulltrúa minnihluta í sameiginlegan vinnuhóp sveitarstjórna Borgarbyggðar og Húnaþings vestra sem hafi það verkefni að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum aðila á Arnarvatnsheiði.“ Fulltrúi minnihluta verður Elín R. Línadal. Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Lögð fram eftirfarandi tillaga „Í framhaldi af sameiginlegum fundi sveitarstjórna Borgarbyggðar og Húnaþings vestra sem haldinn var í Álftróki þann 20. ágúst sl. samþykkir

sveitarstjórn Húnaþings vestra að beina þeim eindregnu tilmælum til Vegagerðarinnar og viðeigandi stjórnvalda að hefja hið fyrsta undirbúning að því að brúa Norðlingafljót á Arnarvatnsheiði.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

#### 7. Skýrsla sveitarstjóra.

Skúli Þórðarson sveitarstjóri gerði grein fyrir helstu störfum sínum frá síðasta reglulega fundi sveitarstjórnar.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð upplestin og samþykkt. Fundi slitið kl. 15:51

---

Leó Örn Þorleifsson.

---

Stefán Einar Böðvarsson.

---

Þorbjörg Inga Ásbjarnardóttir.

---

Elín Jóna Rósinberg.

---

Ragnar Smári Helgason.

---

Elín R. Líndal.

---

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

---

Sigurbjörg Jóhannesdóttir

---

Guðrún Ragnarsdóttir, sviðsstjóri  
fjármála- og stjórnsýslusviðs.